

Föstudaginn 31. október 1997.

Nr. 445/1997.

Pórarinn Jónasson

(Jón Ö. Ingólfsson hrl.)

gegn

Laxnesbúinu ehf.

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Aðfarargerð. Endurupptaka. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1997, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um heimild til að láta bera sóknaraðila út af landi jarðarinnar Laxness og úr nánar tilgreindum mannvirkjum á henni. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að kröfu varnaraðila um útburðargerð verði hafnað og honum gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Krafa varnaraðila um heimild til útburðargerðar var fyrst tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 1997. Ekki var þá sótt þing af hálfu sóknaraðila eða lögmæt forföll boðuð, og var því málið þegar tekið til úrskurðar. Krafa varnaraðila var tekin til greina með úrskurði 25. sama mánaðar. Með bréfi 11. júlí 1997 fór sóknaraðili þess á leit með vísan til ákvæða XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að málið yrði endurupptekið fyrir héraðsdómi. Af þessu tilefni var málið tekið að nýju fyrir á dómþingi 30. júlí 1997, en þar mótmælti varnaraðili ekki beiðni sóknaraðila um endurupptöku. Í kjölfarið var málið sótt og varið eftir ákvæðum 13. kafla laga nr. 90/1989 og lokið fyrir héraðsdómi með hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laga nr. 91/1991 getur stefndi í héraði því aðeins áfrýjað dómi, sem gengur í máli í kjölfar endurupptöku eftir kröfu hans samkvæmt XXIII. kafla laganna, að hann afli til þess leyfis Hæstaréttar. Ákvörðun um endurupptöku þessa máls fyrir héraðsdómi var reist á ákvæðum XXIII. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989. Af því leiðir, að óhjákvæmilegt er að beita einnig í málinu fyrrnefndri 3. mgr. 142. gr. laga nr. 91/1991, þannig að því verði ekki skotið til Hæstaréttar nema að fengnu leyfi til kæru samkvæmt 4. mgr. 150. gr. og 154. gr. laganna, svo sem síðarnefndu greininni var breytt með 8. gr. laga nr. 38/1994. Þessa hefur sóknaraðili ekki gætt. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Þórarinn Jónasson, greiði varnaraðila, Laxnesbúinu ehf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.
